

Skýrsla formanns Leirlistafélags Íslands

2. maí 2023

Kæru félgar,

hér verður farið hratt yfir sögu síðastliðins rekstrarárs LÍ 2022-23.

Ein sýning var haldin af meðlimum LÍ, hún var á Hlöðuloftinum, Korpúlfsstöðum í nóv. '22

19 félagar sýndu saman í sátt og samlyndi og höfðu gaman af - Sýningin er ekki í rekstrartölum félagsins þar sem undirritaður treysti sér ekki til að halda utan um það á þeim tíma (leggja út og rukka í gegnum félagið). Félagið bar engan kostnað vegna sýningarinnar. Rekstrargögn sýningarinnar verða lögð fram hér á fundinum undir önnur mál.

Verið var að nýta salinn sem hafði verið pantaður undir annað verkefni sem enn hefur ekki komist í framkvæmd (sýning á verkum þeirra sem tóku við af þeim sem kenndir eru við íslenska leirinn - listskólamenntaða keramikera sem menntuðu sig víða um heim, þeim hefur enn ekki verið gerð góð skil). Við lúrum á 600þ kr styrk sem veittur var til slíkrar sýningar.

Ég hef ekki heyrt annað en að allir sem tóku þátt hafi verið ánægðir með framtakið og sýninguna sjálfa. Ég vil þakka öllum sem tóku þátt og þó sérstaklega Kötú, ég bara veit ekki hvernig við hefðum klárað þetta án hennar framlags í textamálum.

Nú er önnur sýning í vændum á sama stað í júní næstkomandi - það lítur vel út með þátttöku.

Sýningarstjórn var sett á laggirnar á síðasta félagsfundi nú í lok apríl Guðný Rúnarsdóttir leiðir hópinn og með henni í sýningarstjórn eru Katrín Valgerður Karlsdóttir og Arnbjörg Drífa Káradóttir.

Rekstur vinnustofu gekk sæmilega en Auður Gunnars gerir grein fyrir honum á eftir.

Við þufum að funda sérstaklega um vinnustofuna sem fyrst, það eru mjög skiftar skoðanir um reksturinn.

Til stendur að draga fram naflaskoðunina sem fór líklega fram 2018 og fara í saumana á henni.

Vinnustofuheimsóknir voru áætlaðar á árinu, en af því varð ekki - Covid líklega meðal ástæðna.

Guðný Hafsteinsdóttir og Halla Ásgeirsdóttir buðust til að halda utan um slík mál á síðasta aðalfundi. Ég tel að vinnustofuheimsóknir, almennur hittingur og atburðir eins og lifandi brennslur sé einn af lyklunum til að þetta hópinn. Einnig fyrirlestrar

okkar á milli og frá gestum - byrjum bara upp á nýtt og finnum út hvort og þá hvernig slíkt gerist.

Kata kallaði eftir hittingi félagsmanna og nemenda MÍR - Ása steig fram og bauð á vinnustofu sína - kærar þakkir Kata og Ása.

Kata og Guðný Rúnars voru mjög dugleg að pósta efni á árinu - kærar þakkir fyrir það.

Guðný Rúnars heimsótti vinnustofur á árinu og bjó til stuttmyndir af hverri heimsókn - Takk Guðný.

Auður Gunnars tók að sér að sjá um vinnustofu LÍ, hún verður áfram ritari félagsins næsta starfsár - Kærar þakkir Auður.

Þorgerður Ása gengur úr stjórn eftir þriggja ára stjórnarsetu, Þórdís tekur hennar sæti sem gjaldkeri.

Birgitte gengir einnig úr stjórn söku anna, hún er orkubolti með mikla stjórnunarreynslu, hennar tími mun koma.

Við erum í SÍM og í MHA sem félag - við nýtum okkur það óskaplega lítið.

(tek það fram hér að Hlöðuloftinu var úthlutað mér persónulega þó ég hafi alltaf talað um að ég væri að sækja um fyrir LÍ).

SÍM segist í grunninn hugsa um einstaklingana og MHA um heildina.

Það er ekki mitt að segja hvað við viljum en maður heyrir mest í þeim sem kvarta, sérstaklega það sem skrifað er. Það er ekkert sérstaklega gott veganesti, en góð gagnrýni á að vera til góðs - tölum um hvað við viljum og viljum ekki og hvað við viljum gera saman.

Þessi samantekt er mín án íhlutunar annarra í stjórn félagsins en skrifað í anda stjórnarfundu og með hliðsjón af því sem þar hefur verið rætt.

Með kærri kveðju,

Daði Harðarson
formaður LÍ '22-'23